

Fundargerð 68. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn 16. ágúst 2012, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,
Árni Sigfússon,
Reynir Ólafsson,
Inga Sólnes
Berglind Kristinsdóttir
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkv.stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*
Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. *Samþykkt ársreiknings fyrir árið 2011*
Ársreikningur fyrir árið 2011 var lagður fram til samþykktar. Stjórn samþykkti ársreikninginn og var hann undirritaður af stjórn.
3. *ESA vegna Verne sölu*
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn upphaf málsins og fór yfir stöðuna. Stjórn lýsti furðu sinni á niðurstöðu ESA og samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.
4. *Keilir húsnæðismál*
Framkvæmdastjóri fór yfir sögu málsins. Stjórn samþykkti að vilji sé hjá ÞK til að finna með Keili lausn á fjármögnun vegna gjalddaga kaupsamnings um fasteignina að Grænásbraut 910 . Framkvæmdastjóra falið að vinna að lausn málsins og kynna endanlega til samþykktar með tölvupósti. Niðurstaðan verður kynnt með formlegum hætti á næsta stjórnarfundum.
5. *Undirbúningsfélag vegna flugþjálfunar*
Kynntar voru fyrir stjórn hugmyndir um að efla flugkennslu á Ásbrú í tengslum við flugskóla Keilis. Stjórn tók jákvætt í erindið og gaf framkvæmdastjóra heimild til að vinna málið áfram með þátttöku í undirbúningsfélagi.
6. *Samningur við Sportvelli ehf.*
Lagður var fyrir stjórn leigusamningur við Sportvelli ehf. vegna leigu á Íþróttahúsinu á Ásbrú. Stjórn samþykkti leigusamninginn og lýsir ánægju sinni með verkefnið.
7. *Kjararáð*
Stjórnarformaður vék af fundi undir þessum lið. Bréf frá Kjararáði lagt fram til kynningar.

8. Önnur mál

Ekkert var rætt undir önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Stefnt er á að næsti stjórnarfundur verði 13. september 2012.

Vilhj. H. Vilhjálmsson
Svein S. Svanu
Svein S. Svanu